

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014, Hvassahraun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í mislægum gatnamótum austan Hvassahrauns og breytingu á landnotkun í Hvassahrauni þar sem opnu óbyggðu svæði er breytt í frístundabyggðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um eldi nytjastofna sjávar.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til eldis fisks og annarra sjávardýra, svo og sjávargróðurs, sem nytjaður er eða kann að verða nytjaður í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi. Eiga ákvæði reglugerðarinnar því við hvers konar sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð kunna að verða í eldi þó svo að einungis fiskur sé tilnefndur hverju sinni. Ferskvatnsfiskar teljast ekki til nytjastofna sjávar samkvæmt þessari reglugerð.

Til eldis samkvæmt reglugerð þessari teljast geymsla, gæsla og fóðrun nytjastofna, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er á landi eða í sjó.

2. gr.

Í reglugerðinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Aleldi: Skipulegt eldi allt frá klaki til slátrunar.
2. Áframeldi: Eldi á fönguðum villtum fiski til slátrunar.
3. Eldisafurðir: Eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.
4. Eldiseining: Kvía eða eldisker í strandeldisstöð eða þyrping samfastra eða mjög nálægra kvía eða kerja. Nær einnig til sjóinntaks og frárennslis strandeldisstöðva.
5. Eldisstöð: Starfsstöð í fiskeldi, rekin sem ein heild. Eldisstöð hefur að lágmarki eina eldiseiningu.
6. Ferskvatnsfiskur: Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.